

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

Biðskylda samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga verður framvegis á Skólavegi við Flugvallarveg andstætt því sem nú er.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Hafnargötu og Suðurgötu.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim beggja vegna Skólavegar á kaflanum milli Suðurgötu og Sólvallagötu.

Bannað er að leggja ökutæki á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Sólvallagötu og Hringbrautar.

Hafnargötu milli Flugvallarvegar og Faxabrautar hefur nú verið skipt í tvær akreinar, þegar ekið er til norðurs, og er framúrakstur því heimill á þessum kafla.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 2. nóvember 1982.

Jón Eysteinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálpi á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta skv. reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti — kr. 0,00 fyrir hverja unna klukkustund.
2. taxti — kr. 6,00 fyrir hverja unna klukkustund.
3. taxti — kr. 45,00 fyrir hverja unna klukkustund.

2. gr.

1. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa fulla tekjutryggingu almannatrygginga.
2. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa minni tekjur en sem svarar til tvöfalds einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar.
3. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa hærri tekjur en að framan greinir.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og ber að breyta honum til samræmis við þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

4. gr.

Félagsmálaráði Húsavíkur er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn um það berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

5. gr.

Heimilishjálp sem innt er af hendi eftir 1. nóvember 1982 skal greidd eftir þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir heimilishjálp á Húsavík frá 4. apríl 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.***AUGLÝSING****um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.**

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðismálaráðs heimilað, að verslanir sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, heita smárétti, öl, gosdrykki, mjólk og vörutegundir innan þeirra marka, er um ræðir í 5. mgr. 4. gr., svo og verslanir sem eingöngu selja neyslúis megi vera opnar alla daga nema þá, sem um getur í A-lið 6. gr., sbr. C-lið sömu greinar.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.***AUGLÝSING****um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.**

4. mgr. 24. gr. orðist svo:

Flokkur, sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki fulltrúa í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1982.

Svavar Gestsson.*Jón S. Ólafsson.*